



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1960

Góðir Íslendingar!

Við hjónin óskum yður öllum góðs og gleðilegs nýárs. Við þökkum einnig gamla árið þeim, sem við höfum hitt fyrir á ferðum okkar um landið eða verið hafa gestir okkar á heimilinu. Þeim fjölgar nú óðum sem leggja leið sína um hér á Bessastöðum til að skoða staðinn og kirkjuna, og það er okkur gleðiefni, þó fáum sé hægt að sinna sérstaklega. Við hefðum ferðast víðar í sumar, ef einhverntíma hefði styttn upp, seinni hlutann, hér á Suðvesturlandinu – og raunar líka, ef ekki hefðu verið tvennar kosningar.

Hann er bæði stuttur og lágur sólargangurinn um þetta leyti. Héðan frá Bessastöðum sest sólin nú á bak við Keili, og logagyllir suðurhimininn í ljósaskiptunum og kvöldkyrrðinni. Veturinn á sinn gullna, hvítbláa þokka, þegar svona víðrar. Hringur sólarinnar og þríhyrningur Keilisins fara vel saman sem tákni á himni, nú þegar daginn fer aftur að lengja. Þó margt hafi breyst, og rafmagnið að nokkru leyti sigrast á vetrarmyrkrinu og kuldunum, þá er hækkandi sól lífsskilyrði öllum gróðri og oss sjálfum, jarðarbörnum.

Eitt af því sem minnst hefir breyst frá sínu upphafi, er titilblaðið á almanaki Þjóðvinafélagsins, sem fyrst kom út á þjóðhátíðarárinu 1874, íslenskað af Jóni Sigurðssyni. Stjörnumerkin og brotið er hið sama, en þá voru talin frá sköpun veraldar tæp sex þúsund ár. Nú er því atriði sleppt, en meir greint frá ártölum úr sögu Íslendinga sjálfra. Kemur þá í ljós, að frá stofnun Alþingis, til þessa dags, hafa Íslendingar verið nánast tvöfalt lengur undir erlendri konungsstjórn en sjálfstætt lýðveldi, og þá talin með sextán ár, á næsta vori, síðan lýðveldi var endurreist. Má þetta minna okkur á að vel þurfum vér að gæta fjöreggsins! Á tímans sjó fæst engin trygging fyrir algjöru öryggi. Voldug ríki hafa liðið undir lok á tiltölulega stuttri ævi íslenskrar þjóðar, og vel þarf að halda á af stjórnmvisku, til að vort fullveldi og unga lýðveldi verði langlíft í landinu. Þá skiptir og mestu einhugur á örlagastundum.

Frá því á Þorláksmessu hinn næstsíðustu hafa tvær ríkisstjórnir verið myndaðar, og farið fram tvennar kosningar, þó ekki vegna neinnar sérstakrar óaldar sem yfir gangi, heldur vegna stjórnskipulagabreytingar um skiptingu landsins í kjördæmi og þingmannafjölda. Það munu margir mæla, að kjördæmabreyting hafi ekki mátt bíða öllu lengur, þó ágreiningur væri um það, með hvaða hætti breytingin skyldi gerð. En eftir þeirri skipan, sem á er orðin, verður nú starfað, og tekið til óspilltra mála um þau viðfangsefni í efnahags- og fjármálum, sem of lengi hafa beðið úrlausnar, þó allir þingflokkar og allar hinar síðari ríkisstjórnir hafi reynt sig á þessari þraut.

Það verður ekki betur séð en að allur almenningur, einstakir þingmenn og þingflokkar séu sammála um, að það beri brýna nauðsyn til að ná þeim föstu tókum á

efnahagsmálunum, er komið geti í veg fyrir greiðsluhalla við önnur lönd og verðbólgu innanlands.

Heilbrigð fjármálastjórn er einn af höfuðþáttum sjálfstjórnar og sjálfstæðis. Um aðferðir verður deilt, en þegar markið er eitt, þá ætti að mega gera sér góðar vonir um úrlausn, sem veiti hverri atvinnugrein þau jafnbestu kjör, sem kostur er á. Þegar lesið er niður í kjölinn, þá eiga allar stéttir sinn hlut í þjóðarbúskapnum.

Lýðveldið verður á þessu ári 16 ára, fullveldið 42 ára og innlend fjárstjórn 86 ára. Það virðist því svo að vér Íslendingar höfum fengið allanga reynslu um sjálfstæða fjárhagsstjórn. En þess ber að gæta að viðfangsefnin hafa sífellt verið að breytast og aukast fram á síðustu ár. Sjálfstæðan, íslenskan gjaldeyri fengum vér ekki fyrir en upp úr hinni fyrri heimsstyrjöld, og héldu þá sumir fyrst, að hér væri um brellur einar að ræða af hendi Dana. En fullvalda þjóð getur ekki heimtað af öðrum en sjálfri sér, sínu eigin þingi, stjórn og seðlabanka að varðveita gildi síns eigin gjaldeyris. Síðan þetta gerðist hafa atvinnuhættir landsmanna gerbreyst, og þá jafnframt allar aðferðir og ráðstafanir um hyggilegri stjórn efnahagsmála. Það má því telja nokkura vorkunn, þó fjármálaþekking hafi á stundum drattað fulllangt á eftir nýjum staðreyndum. Þar á ég þó ekki við hin síðari ár. Almennigur skilur aðalatriði þessara viðfangsefna, Alþingi hefir þaulrætt þau síðasta áratuginn og meðal starfsmanna þjóðarinnar eru hinir hæfustu menn, sem fylgjast með kröfum tímans.

Þegar vér Íslendingar fengum stjórnarskrá og innlenda fjárstjórn fyrir 86 árum, þá bjuggu flestir landsmenn í sveitum. En störfín voru fjölbreytt fyrir því: heyskapur, skepnuhirðing, heimilisiðnaður og farið í verið á vertíð. Áhöld voru frumstæð, og afköst því lítil, en það sem mest kreppti að, var óhagstæð verslun, sem dró arðinn út úr landinu. Þá var kappkostað að hafa sem minnst viðskipti, og vera sjálfum sér nógur. Fornar dyggðir þrifust samt furðanlega við þessi kjör, og merkileg menning. Gamla baðstofan, þar sem heimilisfólkið safnaðist saman, er oss tákn þess besta, sem aðþrengd þjóð ástundaði og varðveitti um aldir. Baðstofan var lítið þjóðfélag, þar sem glóð aldanna kulnaði aldrei að fullu.

Með skútuöldinni hefst verkaskiptingin í íslensku þjóðfélagi fyrir alvöru. Með stærri skipum og nýjum vélakosti fara fólksflutningar ört vaxandi. Útgerðin þarf örugga höfn í staðinn fyrir gamla, rudda vör. Sjómennirnir flytja „á mölina“! Erlendir togarar skafa grunnmiðin, og opnir bátar hverfa úr sögunni. Heimilisiðnaði hnignar við fólksekluna, vefstóllinn þagnar, en rokkurinn suðar enn um stund. Í staðinn fyrir salúnsofnar ábreiður kemur rósprentaður shirtingur. Gilitrutt hirðir ullina, og iðnaðurinn flyst úr landi.

Ög enn eykst verkaskiptingin. Nú byrjar nýr iðnaður að vaxa upp í kaupstöðum, fyrst af veikum mætti, en hefir þróast ótrúlega á síðustu áratugum. Vér þekkjum öll þessa sögu. Gamla baðstofan er horfin, en þjóðfélagið er orðin ein stór baðstofa með öllum þeim gömlu og fjölmörgum nýjum starfsgreinum. Ég er ekki að áfella þessi umskipti. Verkaskipting er nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi. Það líður nú öllum betur en áður. En máské oss takist betur að leysa viðfangsefni vors nútímaþjóðfélags, ef vér minnumst þess, að í baðstofunni þarf að ríkja góður vilji og góður andi. Baðstofan gamla, en ekki Valhöll hin forna, er hið rétta tákn heilbrigðs þjóðfélags.

Vér minnumst þess frá hinu fyrra tímabili að möguleikarnir voru ekki miklir og úrræðin fá. Börn voru ekki borin út beinlínis, en sérgáfur og hæfileikar gerðu menn stundum að utangarðsmönnum síns eigin þjóðfélags. Þegar Björn Gunnlaugsson siglir til háskólanáms, segir stiftsprófasturinn, sem síðar varð, í Görðum: „Annar stúdent sigldi – hann heitir Björn og er mesta viðundur vor á meðal, og einasta skapaður til þess að spekulera, og það í hinu háa. En af því vér Íslendingar brúkum ekki þessháttar

fólk hér, svo var vel hann komst héðan, hvað sem forsjónin getur svo gert úr honum.“ Björn varð síðar einn hinn mesti nytsemdarmaður sinnar ættjarðar. Svona var það, og þessa meguum vér minnst þegar vér lítum yfir hinn stóra hóp íslenskra námsmanna, sem nú eiga kost á að velja sitt eigið hugðarefni til náms, innanlands og utan, og á ég þar ekki við háskólamenn eina, heldur einnig allan þann fjölda, sem leggur stund á verkleg fræði, iðnir og listir, og nú getur gert sér vonir um að ættjörðin hafi „brúk fyrir þess háttar fólk,“ að loknu námi.

Þúsundir sérmenntaðra manna stunda nú þau störf og listir, sem hvorki voru rækt né nokkurs virt á þeim tíma, þegar Björn Gunnlaugsson slapp utan. Það er fagnaðarefni, að fjölbreytnin þjargar nú gáfum sem áður voru duldar, og gátu jafnvel orðið dragbítur, og öruggt að íslensk þjóð fær nú notið gáfna sinna og hæfileika í vaxandi mæli. Það er margt óunnið með þessari þjóð, og þó torfbærir séu horfnir úr sögunni, þá er ýmislegt sem þarf að endurbyggja og endurbæta með hverri kynslóð. Það er ýmist, að ný kynslóð sættir sig ekki við að taka við óbreyttum arfi án nokkurrar tilbreytingar, og á mörgum verkefnum hefir vart verið snert af eldri kynslóðum. Þessa hvorstveggja gætir bæði í verklegum og andlegum eignum.

Í skáldskap eigum vér mikinn arf, sem ekki má týna, og þó verður að ávaxta. Í flestum öðrum listgreinum var áður fáskrúðlegt um að litast. Þó að verksviðið sé vítt og viðfangsefnið ótæmandi, þá get ég ekki varist þeirri hugsun, að ýmsir hinna yngri manna í listum og bókmenntum „dependeri“, eins og Sveinn lögmaður Sölvason sagði, um of af þeim útlensku. Öldur heimsmenningarinnar skella að vísu á vorum ströndum, en það er löng leið og djúp yfir Íslandsála, og landslag ræður að réttu lagi miklu um veður og sjólag. Auk þess ráða menn nokkru um það, hvert kunnátta og áhrif eru sótt, og ekki er sá Svartiskóli hollur, þar sem nemandinn gleymir sínu íslenska nafni. Ýmsir gamlir brunnar á meginlandinu eru nú auk þess harla gruggugir eftir tvær heimsstyrjaldir, og ferskar lindir spróttar fram á nýjum stöðum. Það verður engin list íslensk, nema hún beri nokkurn keim þess jarðvegs, sem hún vex í, að námi loknu, blæ íslenskrar náttúru, þjóðlegra erfða og lífskjara.

Íslensk menningarsaga hefur ekki ætíð verið samhliða eða samtímis við erlenda menningarsögu. Hér er margt óunnið, í öllum listgreinum sem segja má að eldri meistara hafi aflokið í öðrum löndum. Eyðurnar eru stórar. Eftirstriðs örvinglun þurfum vér ekki að flytja inn ómelta. Hér ætti nú að vera endurreisnartímabil í listum og bókmenntum, og er það raunar að ýmsu leyti. Í þjóðsögum taka erlend minni á sig alíslenskan búning, og á þann veg vex og þróast þjóðararfurinn. Þetta er máské hálfkveðin vísa, en í ávarpi sem þessu er farið fljótt yfir sögu. Kvíkjárrækt, fiskiveiðar og iðnaður er grundvöllur mannsæmandi lífs, eins og það er orðar, en fámenn þjóð á vísast meir undir skapandi list og andlegri menningu en stærri og voldugri þjóðir. Og það er ein af nýársókum að framtíðin geti í þessum eignum orðið eins glæsileg og fortíðin gefur fyrirheit um.

Íslensk stjórnskipunarsaga hefir ekki heldur ætíð verið samtíða við aðrar þjóðir. Eitt sinn var hér þjóðveldi úti á Íslandi, þó aðrir hefðu konung á þeirri tíð. Og hvernig sem þau mál skipast í öðrum löndum – þá vitum vér öll af dýrkeyptri reynslu á Sturlungaöld, að jafnvel tilraun til einræðis hlýtur að bera vora fámennu þjóð í erlendar greipar. Þessi öld, sem senn fyllir sjötta tuginn, ber þess og greinilegan vott, að íslensk þjóð er um margt sjálfstæð hringiða í tímans straumi. Þegar vér hugleiðum þær hörmungar, sem gengið hafa yfir margar þjóðir og berum saman við vor örlög á þessum sömu árum nýrrar tækni, batnandi lífskjara og aukinnar fjölbreytni á öllum sviðum þjóðlífsins, þá verður ekki séð að æskan eða þjóðin í heild, þurfi að „líta reið um öxl,“ heldur ber oss að þakka forsjóninni, að vér erum komin nokkuð á leið, og

biðjum þess með bljúgum huga, að heill og hamingja megi fylgja þjóð vorri á óförmum leiðum.

Nýársmánuðurinn er kenndur við þann guð, Janus, er hafði tvö andlit, og horfði, annað fram, en hitt aftur. Sama gerum við um hver áramót, lítum fram og aftur á veginn. Að þessu sinni virðist mér vér höfum fulla ástæðu til að þakka fyrir gamla árið, hver öðrum og forsýninni. Ókominn tími er jafnan óráðinn, en sum teikn eru betri en um síðustu áramót. Vér heyrum nú úr ýmsum áttum, að útlit sé betra í alþjóðamálum en undanfarið. Þjóðirnar eru að minnsta kosti farnar að talast við, og forystumenn að heimsækja hver annan. Vér vonum og biðjum að það beri árangur, svo friðsamur almenningur meðal allra þjóða geti dregið andann léttar. Og þó smærra sé, þá er það ein af nýársóskunum, að ágreiningsmál vor við nágrannaþjóðir um helga dóma handritanna og frumburðarrétt á landsgrunninu megi leysast farsællega.

Að svo mæltu árna ég öllum landslýð árs og friðar, og bið Guð vors lands, að gefa oss gott ár.